

Snepill

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Ábyrgð: Halla Valgeirsdóttir

Fréttir af námsskrám

Nr. 1/2016
Október

VOTTAÐAR NÁMSKRÁR FA

Eru birtar á vef FA
www.frae.is og á vef
Menntamálastofnunar
www.mms.is

HÆFNIGREININGAR – GRUNNUR AÐ NÁMSKRÁM

Hjá FA hefur verið í gangi vinna við þróun hæfnigreininga, þ.e. að greina hvaða hæfni þarf fyrir tiltekin störf. Niðurstaða úr hæfnigreiningu birtist í starfaprófil sem hægt er að nýta í námskrángerð og raunfærnimat. Í samstarfi við Menntamálastofnun verður unnið að því að þróa námskrár sem byggja á starfaprófilum. Slíkar námskrár eru almennar en lýsa fyrir hvaða starf verið er að þjálfa fólk. Námsþættirnir eru almennt orðaðir og markmiðið með því er að gera fræðsluaðilum auðveldara með að aðlaga námið að mismunandi hópum og aðstæðum. Jafnframt að hægt sé að nota þá óbreytta í mismunandi námskrám til að draga úr fjölda námsþátta í námskrárgrunninum.

Forsenda þess að þetta fyrirkomulag gangi upp er að skrifaðar séu námslýsingar þar sem framkvæmdinni er lýst. FA mun ávallt skrifa námslýsingu sem vísað er til í námskránni. Fræðsluaðilum er heimilt að skrifa eigin námslýsingu í samræmi við ákveðin viðmið sem Menntamálastofnun setur.

ENDURSKOÐUN NÁMSKRÁA

Fyrir liggur að endurskoða allar námskrár FA í samræmi við lög um framhaldsfræðslu þar sem gerð er krafa um þrepaskipt nám þar sem sett eru fram skýr hæfniviðmið (learning outcomes). Fram til ársloka verður lögð áhersla á að endurskoða námskrár sem fengu tilraunakennsluleyfi hjá MRN og MMS og renna úr gildi um áramót. Þetta eru námskrárnar Skrifstofuskólinn, Sölu-, markaðs- og rekstrarnám, Landnemaskólinn, Fræðsla í formi og lit, Starfsnám stuðningsfulltrúa, Verkfærni í framleiðslu og Menntastöðir. Það er mikilvægt að sýn fræðsluáætlun á námskrár sem ætlaðar eru markhóp framhaldsfræðslunnar komi fram. Fram til þessa hefur oftast verið farin sú leið að senda námskrár sem eru í endurskoðun til þeirra fræðsluaðila sem hafa verið að nota námskrárnar og óska eftir umsögn.

NÝTT ÚTLIT NÁMSKRÁA

Þar sem námskrárgrunnur mennta- og menningarmálaráðuneytisins gefur ekki kost á útlitsmótun námskráa hefur verið unnið að nýju útliti fyrir námskrár hjá FA. Það er öllum frjálst að nota þetta útlit og setja eigið merki í stað merkis FA. Átta námskrár hafa verið vottaðar í gegnum námskrárgrunn ráðuneytisins og hafa verið birtar á vef FA í þessu nýja útliti.

